

Matvælaráðuneytið  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

Hornafirði, 13. desember 2023  
nr. erindis 202312015 ÁEH

**Málefni: Ráðstöfun byggðakvóta til fiskiskipa í Sveitarfélaginu Hornafirði árin 2023/2024.**

Á 1110. fundi bæjarráðs Hornafjarðar þann 12. desember 2023 var ákveðið að fela atvinnu- og ferðamálafulltrúa að senda inn erindi vegna óska um sérreglur á 4. gr. reglugerðar nr. 852/2023 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024.

Er hér með send inn ósk um breytingu á 1. málsl.1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 852/2023 á þann veg að:

4. gr.

*Viðmiðanir um úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa.*

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, **og skal 15% úthlutaðs byggðakvóta skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, og 85% skal skipt hlutfallslega, til sömu skipa, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.**

Rökin fyrir breytingartillögunni eru að hún telst styrkja byggðarlagið með því að styðja við rekstarumhverfi fjölbreyttrar útgerðar í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Virðingarfyllst

---

Árdís Erna Halldórsdóttir  
Atvinnu- og ferðamálafulltrúi  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar